

Nefndarálit með breytingartillögu

um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum (fjölgun í ráðgjafarnefnd, tímabundin ákvæði um fasteignaskatt af atvinnuhúsnæði og sérstakt framlag úr Jöfnunarsjóði).

Frá umhverfis- og samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hermann Sæmundsson frá innanríkisráðuneyti, Elínu Pálsdóttur frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, Karl Björnsson og Guðjón Bragason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Halldór Árnason frá Samtökum atvinnulífsins, Margræti Hauksdóttur og Inga Þór Finnsson frá Þjóðskrá Íslands og Halldóru Káradóttur og Einar Bjarka Gunnarsson frá Reykjavíkurborg. Nefndinni bárust umsagnir um málið frá Grundarfjarðarbæ, Reykjavíkurborg, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins og Þjóðskrá Íslands.

Með frumvarpinu eru lagðar til þrjú þættar breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995. Í fyrsta lagi er lagt til að fjölga nefndarmönnum um tvo í ráðgjafarnefnd sem ráðherra skipar skv. 15. gr. að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Í nefndinni munu þá sitja sjö nefndarmenn og sex þeirra tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og fyrirséð að þeir tveir nefndarmenn sem bætast við munu koma annars vegar frá Reykjavíkurborg og hins vegar frá einu sveitarfélagi í Suðvesturkjördæmi. Í öðru lagi er lagt til nýtt ákvæði til bráðabirgða til að milda áhrif af breyttri aðferðafræði við útreikning fasteignamats fyrir atvinnuhúsnæði. Í breyttri aðferðafræði felst að horfið er frá markaðsleiðréttu kostnaðarmati yfir í tekjumat sem byggist á upplýsingum af leigumarkaði fyrir atvinnuhúsnæði, eins og nánar er fjallað um í athugasemdum við frumvarpið. Breytingin hefur í för með sér að fasteignamat fyrir atvinnuhúsnæði getur hækkað mjög snarpt um áramótin þar sem mikil innbyggð skekkja var komin í kerfið. Með frumvarpinu er lagt til að breytingin verði tekin í þremur skrefum til að milda áhrif hennar fyrir atvinnulífið. Í þriðja lagi er lagt til annað nýtt ákvæði til bráðabirgða sem mun gilda þann tíma sem einstaklingum verður heimilt að nýta séreignarsparnað sinn til að greiða inn á fasteignaveðlán skattfrjálst. Í ákvæðinu felst að þeim tekjum Jöfnunarsjóðs sem til koma vegna bankaskattsins verði dreift til sveitarfélaga í samræmi við hlutdeild þeirra í heildarútsvarsstofni ársins á undan.

Fyrir nefndinni komu fram athugasemdir við grundvöll fasteignamats sem skattlagningarheimildar og að í því fælist of rúmt framsal skattlagningarvald til stjórnvalda. Nefndin bendir í þessu sambandi á að um lögbundna skattlagningarheimild er að ræða. Skv. 1. mgr. 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, skal árlega leggja fasteignaskatt á allar fasteignir sem metnar eru í fasteignamati 31. desember á næstliðnu ár samkvæmt fasteignaskrá og að stofn til álagningar fasteignaskatts sé fasteignamat þeirra, sbr. 2. mgr. 3. gr. sömu laga. Skv. 1. mgr. 29. gr. laga um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001, annast Þjóðskrá Íslands mat fasteigna. Við matið beitir Þjóðskrá þeim aðferðum sem fram koma í 27. gr. laganna og skv. 1. mgr. 28. gr. skal við ákvörðun matsverðs eftir föngum finna tölfræðilega fylgni gangverðs við ýmsar staðreyndir um seldar eignir, svo sem stærð, gerð, búnað, stað o.s.frv., og

sennilegt gangverð ákvarðað með útreikningum á grundvelli þeirra vísbendinga. Sömu aðferð við útreikning fasteignamats er beitt varðandi allar sambærilegar eignir og ef aðili sem á lögvarða hagsmuni af matsverði eignar og sættir sig ekki við skráð mat getur sá sami krafist nýs úrskurðar um matið. Lagagrundvöllur fasteignaskatts hefur verið sá sami í langan tíma, um lögbundna skattlagningarheimild er að ræða sem nefndin telur ekki ástæðu til að ætla að brjóti gegn 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar.

Í a-lið 2. gr. frumvarpsins er fyrirnefnt ákvæði um mildun áhrifa af nýju fasteignamati en það kann að leiða til nokkurrar hækkunar fasteignaskatta fyrir tiltekna eignir en lækkunar fyrir aðrar eignir en heildaráhrif breytinganna munu þó leiða til hækkunar um 13,7% umfram verðlagshækkunar. Ákvæðið er niðurstaða samráðs milli hagsmunaaðila sem eru fyrst og fremst sveitarfélögin og aðilar í atvinnurekstri sem eiga atvinnuhúsnæði. Ljóst er að sveitarfélögin verða af nokkrum tekjum vegna ákvæðisins en að sama skapi mundi skattbyrði vegna atvinnuhúsnæðis aukast mjög snarpt ef nýja fasteignamatið tæki að fullu gildi.

Í b-lið 2. gr. frumvarpsins er ákvæði sem er ætlað að dreifa ákveðnum hluta tekna Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaganna á grundvelli hlutdeildar þeirra í heildarútsvarsstofni ársins á undan. Í því felst að tekjurnar dreifast í hlutfalli við stærð. Er þetta lagt til vegna tekjumissis sem sveitarfélögin verða fyrir vegna skattfrjálsrar úttekta séreignarsparnaðar samkvæmt lögum um séreignarsparnað og ráðstöfun hans til greiðslu húsnæðislána og húsnæðissparnaðar. Fyrir nefndinni komu fram athugasemdir þess efnis að sú upphæð sem um ræðir nægi ekki til að bæta sveitarfélögunum umræddan tekjumissi. Þá felur ákvæðið í sér að hluti tekna Jöfnunarsjóðs er tekinn út fyrir sviga og honum ráðstafað á annan hátt en samkvæmt þeim reglum sem gilda um úthlutanir úr Jöfnunarsjóði. Þannig mundi meira koma í hlut stærra sveitarfélaga en þeirra minni. Nefndin telur ákvæðið þurfa nánari skoðunar við og leggur því til að svo stöddu að það falli brott.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svohljóðandi

BREYTINGU:

B-liður 2. gr. falli brott.

Alþingi, 11. desember 2014.

Höskuldur Þórhallsson,
form., frsm.

Katrín Júlíusdóttir.

Haraldur Einarsson.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir.

Pétur H. Blöndal.

Svandís Svavarsdóttir.

Vilhjálmur Árnason.